



## Þingskjal nr. 16

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að fella brott reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum og í stað hennar komi ný reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum sem orðast svo:

### 5.kafli Reglur LH fyrir Íslandsmót í Hestaíþróttum

#### Gr 5.1. Ákvörðun um staðsetningu og dagsetninu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Íslandsmót skal ávallt halda fyrir lok júní eða síðasta lagi fyrstu helgina í júlí.

#### Gr 5.2. keppnisgreinar

Í fullorðinsflokki skal keppt í einum styrkleikaflokki og eftirfarandi greinum

Meistaraflokkur fullorðins V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2.

Ungmennaflokkur V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2.

Farnir skulu 4 sprettir í P1 - 250m og P3 - 150m skeiði.

Unglingaflokkur V1, T1, F2, T4, PP1, P2

Barnaflokkur T3, T7, V2, V5

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

#### Gr 5.3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót. Staðfestur árangur með staðfestri mótaskýrslu af þeim mótum sem er lokið viku fyrir skráningarfrest á Íslandsmót.

Meistaraflokkur fullorðins – lágmarkseinkunn í öllum greinum sem keppnisnefnd LH ákveður



Ungmennaflokkur – lágmarkseinkunn í öllum greinum sem keppniefnd LH ákveður

Unglingaflokkur – öllum opin

Barnaflokkur – öllum opin

Þeir sem ætla að keppa um samanlagðan sigurvegara þurfa að vera með skráðan árangur sem samanlagður og ná lágmarkseinkunn sem keppnisnefnd LH ákveður

#### Gr 5.4 Auglýsing og skráningar

Íslandsmót skal auglýsa fyrir 1.maí ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu. Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst.

5 dögum fyrir mót skulu allar skráningar staðfestar

3 dögum áður en mót hefst skal dagskrá og ráslistar vera birtir.

#### 5.gr Framkvæmdanefnd og yfirdómnefnd

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sama ár og mótið er haldið. LH skipar einn mann í framkvæmdanefnd og skal sá einstaklingur vera fjölmiðlafulltrúi nefndarinnar. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- Framkvæmdastjóra. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- Fjölmiðlafulltrúa. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma móttinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um styrktaraðilar mótsins séu sýnilegir í auglýsingum og önnur mál sem tengjast því. Mótshaldari skal tilnefna einn tengilið sem starfar með fjölmiðlafulltrúa.
- Mótsstjóra. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- Vallarstjóra. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- Puli. Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.



- Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð 5 einstaklingum

- yfirdómara eða meðlim dómarastarfslíðs, áður tilnefndum af honum
- mótstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum
- meðlimi framkvæmdanefndar
- formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum
- fulltrúi knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

#### 6.gr Skipun dómara

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á,

fyrir Íþróttakeppnisgreinar eftir tillögum frá HÍDÍ. Yfirdómari dæmir ekki gangtegunder inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

#### 7.gr Skilyrði sem skal uppfylla

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót hverju sinni. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara sem þurfa að uppfylla þau atriði sem eru á listanum áður en skrifað er undir samning um Íslandsmót.

#### **Greinargerð**

##### **Helstu breytingar**

Ekki stöðulisti heldur lágmarkseinkunn

Ekki föst dagsetning en samt tímamörk á miðju sumri.

LH skipar fjölmiðlafulltrúa sem sér um að koma Íslandsmóti í allar þær fréttir og sjónvarpsstöðvar sem hægt er í samráði við mótshaldara og styrktaraðila.

Stöðulistafyrirkomulagið var ekki að virka í framkvæmd. Reynsla síðustu ára hefur gefið okkur þá sýn að vinnan og undirbúningurinn er ekki að virka sem skildi og því nauðsynlegt að breyta til baka í lágmarkseinkunn og hafa hana þá töluvert hærri til að takmarka fjölda.